


Grunnmynd
Mkv. 1:100




Afstöðumynd
Mkv. 1:500

| Fífuvellir 22, Hafnarfirði | |
|---|---|
| | |
| Matshluti: | 01. |
| Landnúmer: | 195121. |
| Staðgreinir | 1400-1-22200220. |
| Lóðastærð: | 752,0 m² |
| Nýtingahlutfall eftir stækkun: | 0,30 |
| Brúttóflötur húss eftir stækkun | 228,7 m² |
| Brúttórúmmál húss eftir stækkun: | 849,7 m³ |

**Byggingarleyfi:**
Óskað er eftir leyfi fyrir viðbyggingu - sólstofu á einni hæð við núverandi hús samkvæmt hjálögðum teikningum - reyndar teikningum - en umrædd viðbygging hefur nú þegar verið byggð. Um er að ræða létta byggingu úr timbri á steyptum undirstöðum, útveggir eru úr timburgrind klætt með láréttum panel en þak er einhalla klætt með bárujárni.

**Byggingarlýsing / verklýsing:**

**Undirstöður:**
Undirstöður og botnplata eru úr staðteypt og ganga niður á burðarhæfan botn. Undir botnplötu og 500 mm niður á sökkulveggi að innan er einangrað með 75 mm polýstýren plasteinangrun.

**Útveggir:**
Burður útveggja er úr timurgrind, 45x145 mm og er burðargrindin fyllt með steinull, þéttull. Utaná burðargrind kemur 9 mm krossviður, loftunargrind 45x45/70 mm, m/m 400 mm, kemur utaná krossvið og loks kemur vatnsklæðning, lárétt panelkæðning. Innan á steinull/grind kemur rakavarnarlag, 0,2 mm þolplast. Öll samskeyti á rakavörn skal líma með þar til gerðu límbandi. Utaná grind (innan við rakavörn) kemur lagnagrind t.d. 45x45 mm sem festist við burðargrind með skrúfum eða nöglum, loks er klætt með 22 mm furuborðum.
Við frágang kringum glugga skal gæta þess að rakavörn sé klemmd eða límd við karma.

**Þak:**
Þak er hefðbundið sperruþak borið af berandi útveggjum. Sperrur eru 45x220 mm c/c 600 mm. Ofaná sperrur kemur gisklædd boraklæðning, þá þakpappi af vandaðri gerð og loks bárustál. Ofan við einangrun er loftunarbil min 25 mm og skal tryggja góða loftun við þakbrúnir. Einangrað er milli sperra með 220 mm þakull með áföstum vindpappa.
Neðan á sperrur/einangrun komi rakavarnarlag. Öll samskeyti á rakavörn skal líma með þar til gerðu límbandi og þar sem rakavörn kemur að öðrum byggingarhlutum skal festa rakavörn með límkítti eða klemma með lista. Lagnagrind úr t.d. 34x45 mm kemur neðaná sperrur og loks klætt með 25 mm borðaklæðningu.

**Gluggar og hurðir:**
Gluggar og opnanleg fög verða hefðbundnir timburgluggar með einangrunargleri, k-gleri.

**Kólnunartölur byggingahluta, U-gildi (W/m² K)**

| | |
|---|---|
| Þak | 0.20 |
| Úveggir | 0.30 |
| Gluggar | 1.50 |
| (vegið meðaltal k-gler) | 2.00 |
| Hurðir | 3.00 |
| Botnplata | 0.30 |

**Vottanir:**
Byggingarefni og byggingareiningar s.s. gluggar, hurðir ofl sem notað verður í bygginguna skulu vera vottaðir samkv ákvæðum byggingareglugerðar.

**Brunavarnir:**
Klæðningar ekki lakari en í flokki 2.
**Setja skal reykskynjara** í öll svefnherbergi og í gang.
Slökkvitæki af viðurkenndri gerð skal vera í húsi.
Björgunarop eru frá öllum herbergjum, merkt á teikningum.
Þakklæðningar skulu vera a.m.k í flokki T.

**Stærðir:**
Núverandi stærðir:
Íbúðarhús brúttó stærð 174,6 m² og brúttó rúmmál 552,8 m³
Bílageymsla brúttó stærð 34,0 m² og brúttó rúmmál 105.5 m³

Eftir stækkun:
Íbúðarhús brúttó stærð 194,7 m² og brúttó rúmmál 604,3 m³
Bílageymsla brúttó stærð 34,0 m² og brúttó rúmmál 105.5 m³

Heildar stækkun:
Íbúðarhús - 20,1 m² og 51,5 m³
Bílageymsla breytist / stækkar ekki.

Sjá nánar skráningartöflu í heild og afrit af henni á teikn A102.

Sampykkt þann
02. SEP. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

**Greinargerð vegna nágrannalóðar - Fífuvellir 24, Hf.**

Fífuvellir 24 er einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið er úr steinsteypu og þakklæðning er bárujárn. Minnsta fjarlægð húss/bílageymslu að lóðamörkum er 4,0 metrar - sem er í samræmi við skipulag - en lengd frá horni bílageymslu að umræddri viðbyggingu á lóð nr. 22 eru rétt um 8,0 metrar - sjá málsetningar á afstöðumynd.

Það athugast að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

SHS
01.09.2020

Hjálagðir uppdrættir eru gerðir eftir uppdráttum frá Meter verkfræðistofu ehf. sem voru samþykktir og stimplaðir af byggingafulltrúanum í Hafnarfirði 18. ágúst 2004 en einnig voru gerðar mælingar á staðnum.

# Fífuvellir 22, 221 Hafnarfjörður

## Aðaluppdráttur - reyndarteikning - sólstofa
## Grunnmynd og afstöðumynd.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Mkv.** | 1:100 / 1:500 | **Teikn. nr.** | A101 |
| **Dags.** | 27.7.2020 | **Breytt dags.** | |
| **Teiknað.** | GJ. | **Stærð teikn.** | A2. |

*Guðmundur Jónsson*
*byggingafræðingur BFÍ*
*kt. 041260-4839*
*Heiðvangi 28, 220 Hf.*
*s. 565 5508-866 1299*
*gud.jons@simnet.is.*

Undirskrift aðalhönnuðar.